

28/2 '73

STARFSSKYRSLA ÁGÜSTS ÁRNASONAR

HJÁ SKÓGRÆKT RÍKISINS

HVAMMI ÁRIÐ 1972

## S T A R F S S K Ý R S L A

Eins og á undanfornum vetrum starfaði ég á skrifstofu <sup>vann</sup> Skógráttar ríkisins í Reykjavík frá áramótum og fram í maí.

Í Skorradal fór ég til eftirlits þöru hvoru, en 25. maí flutti ég í Hvamm og var í Skorradal til októberloka. Nóvember og desember var ég í Reykjavík nema 27. nóv. til 3. des. er ég <sup>vaf</sup> vann við að fella jólatré og <sup>hjú</sup> greinar í Skorradal.

### 1. Veðurfar

Veturinn var venju fremur úrkomusamur en hlýr og þó sérstaklega janúar, sem var  $3.5^{\circ}$  hlýrri en í meðalári.

Snjórinn frá 20. des. á fyrra ári hlánaði seint. Ofarlega í hliðum Skorradals voru lengi stórar fannir. Þar sem frost festi aldrei í jörð jók þetta mjög á skriðuhættu. Eins og getur í starfsskýrslu minni frá 1971 urðu mikil skriðuföll í Skorradal fyrir áramót. Rétt eftir 20. febrúar gerði suðaustan stórveður með asahláku og féllu þá enn margar skriður. Þá féll stór skriða í Vatnsendahlíð og tók veginn á kafla. Skriða féll

rétt austan við bæinn í Hvammi og rauf girðinguna á 100 m kafla. Samtals féllu á vetrinum 5 skriður í Hvammshlíðinni, ein á Stálpastöðum og tvar nokkuð stórar í Fitjahlíð. Skriðurnar í Hvammi og á Stálpastöðum voru allar í gróðursetningarlandi og eyðilögðu þúsundir plantna. Skriðurnar í Vatnsendahlíð og Fitjahlíð skemmdu skógivaxið beittiland á báðum jörðum.

Í suðaustan veðrinu um 20. febr. var vindhraði geysilegur. Til dæmis fauk kyrrsteður bíll á Grunda yfir girðingu og sleit niður símalínu í leiðinni.

Skorradalsvatn lagði aldrei með varanlegum ís á vetrinum. Mesta frost vetrarins mældist í Hvammi  $16^{\circ}$ . *þetta*

Vorið kom snemma og runnar fóru að lifna. Þann 29. apríl gerði rok og  $12^{\circ}$  frost, en ekki <sup>sáð</sup> fundust varanlegar skemmdir á gróori eftir það veður. Vorið var þurrviðrasamt alveg fram í júlí. Þurrkar voru til baka á gróðursetningartímanum.

Lerkið mátti heita laufgæð um 20. maí og birkið var að laufgast 20.- 26. maí. Þá var Alaskalúpína að byrja að blómstra.

Þann 7. júlí gerði mikla rigningu, en eftir það var sumarið allt mjög úrkomusamt.

Laust fyrir miðjan júlí gerði suðaustan hvassviðri og braut toppa á sitkagreni víða í skóglendum.

Veðurfræðingar taldu sumarið vestanlands áttunda eða níunda kaldasta á þessari öld.

Þann 6. sept gerði fyrstu frostnóttina svo verulega sá á kartöflugrasi. Nátturfrost héldust til 11. sept. Þá skipti birkiskógurinn um lit en felldi ekki laufið fyr en 20. sept. til 2. okt. Lerkið var orðið gult yfir að líta 19. okt. Fremur hlytt var í

veðri frá 11. sept. til 25. okt. en eftir það fór að kólna í veðri.

Þann 27. okt. gerði mikinn norðan byl og olli hann töluverðum skemmdum með snjóbroti, sérstaklega á stafafuru frá 1959 í R 381 á Stálpastöðum. Bylgusu gerði aftur um 8. nóv. en eftir það hélzt veður fremur kyrrt en svalt til áramóta.

## 2. Vöxtur og þrif trjágróðurs

Trjágróður kom fremur vel undan vetri. <sup>Notkunar</sup> Töluvert bar þó á snjóbroti og þá hélzt á birki, rauðgreni og stafafuru.

Sitkagreni og stafafura uxu vel í sumar en vöxtur á rauðgreni var undir meðallagi. Skógarfura var með þriflegri móti. Lerki frá Arkangelsk var fallett og óx fremur vel en lerkinu frá Heinola fer hrakandi vegna svepps. Birkið var þriflegt og fallett í sumar.

## 3. Starfsfólk

Á launaskrá komu á árinu 16 manns. Um tíma voru tveir vinnuflokkar starfandi, annar í Hvammi en hinn í Sarpi.

Einar Jónsson í Neðrihrepp hélt áfram að starfa við grisjun og fráklippingu í ákvaðisvinnu.

Mánaðarlegar launagreiðslur voru sem hér segir:

Máí .....	kr.	42.885.-
Júní .....	-	323.526.-
Júlí .....	-	262.272.-
Ágúst .....	-	263.880.-
Sept. ....	-	82.824.-
Okt. ....	-	1.343.-
Nov.- des. ....	-	<u>16.876.-</u>
Samtals	-	993.606.-

Launagreiðslur vegna einstakra verkefna voru sem hér segir:

101	Ráðskona .....	kr.	182.498.-
103	Gróðursetning Hvammi .....	-	20.420.-
103	Gróðursetning Stálpastöðum ...	-	24.237.-
103	Gróðursetning Selsskógi .....	-	45.926.-
103	Gróðursetning Bakkakoti .....	-	38.616.-
104	Grisja frá plöntum Hvammi ...	-	58.009.-
104	Áburður Hvammi .....	-	31.171.-
104	Grisjað frá plöntum Stálpastöðum		56.847.-
104	Áburður Stálpastöðum .....	-	25.064.-
104	Hirðing Stálpastöðum .....	-	1.211.-
104	Grundargarður .....	-	14.432.-
105	Hnausplöntur Stálpastöðum ....	-	13.194.-
105	Jólatré Stálpastöðum .....	-	14.802.-
107	Lúpína .....	-	17.928.-
108	Girðing Stóru-Drageyri .....	-	307.338.-
109	Viðhald girðinga Hvammi .....	-	37.769.-
109	Viðhald girðinga Stálpastöðum ...		2.111.-

109	Viðhald girð. Bakkak. Sarpi og Efstab. kr.	36.406.-
109	Viðhald girðinga Selsskógi .....	- 3.042.-
112	Smölun Stóru-Drageyri .....	- 7.889.-
115	Mælingar .....	- 3.014.-
301	Tilraunir Bakkakoti .....	- 20.082.-
508	Viðhald húsa (rífa á Stálpast.) .....	- 11.524.-
V800	Viðhald í Bakkakoti .....	- 15.600.-
702	Girðing Ferstiklu .....	- 4.476.-
	Samtals kr.	993.606.-

#### 4. Girðingar

Lokið var uppsetningu á girðingunni á Stóru-Drageyri en hún er um 6.8 km. Í girðinguna voru notaðir járnstaurar, þrjár strengir af gaddavír og 70 cm net. Ennþá er eftir að steypa niður tvö hlið, ljúka undirhleðslu á kafla og rengla hluta af girðingunni.

Viðhald á girðingum var svipað og á undanförunum árum en þó kostnaðarsamara. Girðingar voru skemmdar eftir skriðuföll á nokkrum stöðum. Töluverðu var kostað til viðhalds á gömlum girðingum um tún Efstabæjar og Sarps en þar eru lélegar og voru orðnar hættulegar fyrir skepnur. Reynt var að ráða bót á þessu eftir fongum.

### 5. Gróðursetningar

Unnið var að gróðursetningu á tímabilinu 2. - 28. júní og gróðursettar samtals 38.175 plöntur.

Tafla yfir gróðursetningu árið 1972

Hvammur:

Tegund	Kvæmi	Aldur	Tala	Reitur	Plantað dag
Rauðgreni	Namdal eid	3/3	2.000 ✓	221	2-7/6.
Rauðgreni	Levanger	2/4	2.025 ✓	511	27-28/6.

Stálpastaðir:

Sitkagreni	Homer Airport		250 ✓	1.11.2	22-26/6.
------------	---------------	--	-------	--------	----------

Selsskógur:

Rauðgreni	Levanger	2/4	7.650 ✓	131	8-15/6.
Rauðgreni	Levanger	2/4	1.825 ✓	123	16-19/6.
Rauðgreni	Levanger	2/4	1.900 ✓	231	19/6.
Rauðgreni	Trysil	2/4	5.100 ✓	232	20-22/6.

Bakkakot:

Birki	Geitagerði	2/0	2.525 ✓	161	5-6/6.
Birki	Geitagerði	2/0	700 ✓	591	8/6.
Birki	Hallormsstað	2/0	4.225 ✓	461	9-14/6.
Birki	Hallormsstað	2/0	2.250 ✓	471	8-9/6. 9.700
Sitkagreni	Homer Airport		2.225 ✓	541	19-20/6.
Sitkagreni	Homer Hills		1.000 ✓	551	21/6.
Sitkagreni	Miller Pt.		300 ✓	431	22-28/6.
Sitkagreni	Kodiak		300 ✓	431	-
Sitkagreni	Pt. Kodiak		300 ✓	431	-
Sitkagreni	Afognak Lake		300 ✓	431	-
Sitkagreni	Fitz Creek		300 ✓	431	- 4.725

## Tafla yfir gróðursetningar 1972, framhald.

## Bakkakot:

Tegund	Kvæmi	Tala	Reitur	Plantað dag
Sitkagreni	Homer Airport	300 ✓	431	4.725 22-28/6.
Sitkagreni	Homer Hills	300 ✓	431	3.000 -
Sitkagreni	Bird Creek	300 ✓	431	-
Sitkagreni	Divide Seward	300 ✓	431	-
Sitkagreni	Sheep Creek Valdez	300 ✓	431	-
Sitkagreni	Rode Lake Valdez	300 ✓	431	-
Sitkagreni	Yakutat	300 ✓	431	-
Sitkagreni	Sitka 1200	300 ✓	431	-
Sitkagreni	Ártúnsbrekka	300 ✓	431	-
Sitkagreni	Snorrabraut 65	300 ✓	431	-

7,725  
4

Sett var upp samanburðartilraun á 15 sitkagrenikvæmum á skóglausu landi í Bakkakoti. bórarinn Benedikz stjórnaði því verki.

Á Stálpastaðum voru gróðursettar 250 sitkagreniplöntur í holur eftir hnausplöntur, sem seldar voru í vor. Í holurnar var borin blanda af mómold og sauðataði. Þetta var seinlegt og nokkuð kostnaðarsamt verk.

Gróðursetning skiptist eftir girðingum, sem hér segir:

Hvammur	.....	4.025
Stálpastaðir	.....	250
Selsskógur	.....	16.475
Bakkakot	.....	<u>17.425</u>
Samtals		38.175



Plönturnað skiptast eftir tegundum, sem hér segir:

Rauðgreni .....	20.500
Birki .....	9.700
Sitkagreni .....	<u>7.975</u>
Samtals	38.175

### 6. Hirðing

Unnið var að áburðardreifingu svipað og á undanfornum árum. <sup>Tel þess fóru</sup> Notaðir voru 30 þokar af kjarna og 5 þokar af blonduðum áburði (22,11,11). Þessum áburði var dreift á 3 ha af gróðursetningum í Hvammi og 4 ha á Stálpastöðum. Aðallega var borið á rauðgreni.

Samhliða áburðardreifingu var klippt frá plöntum í öllum reitum er fengu áburð. Auk þess var klippt frá plöntum á 10 ha í Hvammi og 13 ha á Stálpastöðum.

Í lerki Arkangelsk frá '52 á Stálpastöðum voru klipptir tvítóppar og færðar nokkrar plöntur. Grisjað var úr þar sem lerkio stóð þétt og hnausplöntur færðar í eyðurnar.

Sorptunnur voru hafðar fyrir ferðafólk á Stálpastöðum og Selsskógi og voru þær losaðar öðru hvoru í sumar. Ferðafólk gekk yfirleitt snyrtilega um tjaldstaði.

### 7. Vegagerð

Á síðastliðnu ári voru engar framkvæmdir við vegagerð né viðhald vega.

## 8. Byggingar

Gamla baðstofan á Stálpastöðum hefur lengi verið mjög hrörleg, en kjallarinndur henni var notaður sem plöntugeymsla á undanförunum vorum. Á síðastliðnum vetri féllu kjallara-veggirnir inn og var ekki annara kosta völ en að rífa bæinn. Eftir stendur nú aðeins hlaðan, sem var svefnhús fyrir vinnuflokkinn á fyrstu árum skógræktar á Stálpastöðum.

Litlu var tilkostað með viðhald húsa í Hvammi. Gamla íbúðarhúsið hangir enn uppi en belgur er siginn á einn kjallara-vegginn, svo hætt er við að það hrjnjí þá og þegar.

Unnið var að viðgerð á íbúðarhúsinu í Bakkakoti samkvæmt ósk landeiganda.

## 9. Vélar og verkfæri

Síðastliðið vor var keypt ný bryggisgrind á dráttarvélina og töliverðu kostað til viðgerðar á henni. Dráttarvélin gekk vel í sumar en undir haustið bilaði mótorinn svo koma varð vélinni á verkstæði. Skipta þarf um slífar og legur í mótor o. fl. Viðgerð er ekki lokið.

GAS- jeppinn, sem dugað hefur vel á undanförunum árum, var farinn að gefa sig og orðinn dýr og óhagkvæmur í rekstri. Um það leyti er vorvinna hófst í Skorradal brotnaði girkassinn í honum. Eftir það var ákveðið að selja GAS- jeppann og kaupa nýjan Toyota-jeppa. Þessi nýi jeppi reyndist mjög vel.

10. Ymislegt

Eftirspurn garðeigenda eftir stórum sitkagreniplöntum hefur aukist mjög á undanförunum árum, en gróðrarstöðvar hefa ekki nærri annað eftirspurn. Mjög hefur verið falast eftir sitkagreni með hnaus úr skóglendum og nú á síðastliðnu vori voru seldar um 290 metersháar hnausplöntur frá Stálpastöðum fyrir kr. 232.000.- . Flestar þessar plöntur voru teknar úr gróðursetningu frá 1961, rétt ofan vegar í Stjornuhvammi.

Fyrir jólin voru felld á Stálpastöðum 589 jólatré og seld fyrir kr. 142.000.- . Þetta voru aðallega tré gróðursett 1956 og '57. Klippt var um 625 kg af stafafurugreinum og seldar fyrir kr. 25.000.- .

Í sumar var safnað dálitlu af lúpínufræi og lúpínubelgjum var dreift víða um mela á Stálpastöðum, Hvammi og Bakkakoti.

Reykjavík í febrúar 1973

*Agúst Hansen*